Fullgild rafræn undirskrift
**HRAFNHILDUR HELGADÓTTIR**
Kennitala: 260470-3619
2024-10-22 16:40:02 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**SYLVÍA KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR**
Kennitala: 151280-4129
2024-10-22 16:40:41 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**KRISTJÁN BJÖRGVINSSON**
Kennitala: 090664-3019
2024-10-22 16:42 55 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**SIGURÐUR BIRGIR STEFÁNSSON**
Kennitala: 250247-4949
2024-10-22 16:43:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**KJARTAN SMÁRI HÖSKULDSSON**
Kennitala: 220380-4169
2024-10-22 16:44:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**JENSÍNA KRISTÍN BÖÐVARSDÓTTIR**
Kennitala: 190369-4049
2024-10-22 16:45:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**SIGURJÓN ÖRN ARNARSON**
Kennitala: 061078-4369
2024-10-22 17:36:18 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Sérhæfðir sjóðir Íslandssjóða

# Árshlutareikningur 30. júní 2024

Íslandssjóðir hf.

Hagasmára 3

201 Kópavogur

kt. 690694-2719

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandssjóðir hf. er sérhæft félag á sviði eignastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða. Íslandssjóðir starfa á grundvelli laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Íslandssjóðir hf. er elsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins stofnað árið 1994. Félagið er dótturfélag og hluti af samstæðu Íslandsbanka hf. sem á 99,7% hlutafjár í félaginu en Miðengi ehf., félag í eigu Íslandsbanka, á 0,3% hlutafjár.

Félagið rekur fimm sérhæfða hlutdeildarsjóði sem árshlutareikningur þessi nær yfir; Alpha hlutabréf, IS Fast-3, IS Þróunarsjóðinn Langbrók, LPEII og IS Fyrirtækjalánasjóður hs..

Alpha hlutabréf hs. er sérhæfður sjóður í stýringu Íslandssjóða. Markmið sjóðsins er langtíma ávöxtun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum skráðum hjá Nasdaq Iceland eða öðrum fjármálagerningum þeim tengdum. Sjóðurinn hefur auk þess heimildir til að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum og nota afleiður til stöðutöku eða sem hluta af áhættustýringu.

IS Fast-3 var stofnaður í febrúar 2016. Sjóðurinn fjárfesti í fasteign í Hlíðasmára í Kópavogi sem breytt var í hótel sem nú er rekið undir nafninu 201 Hotel og er rekstrarfélag hótelsins í eigu sjóðsins. Sala eigna sjóðsins hefur frestast sökum markaðsaðstæðna en eru þær nú í söluferli.

IS Þróunarsjóðurinn Langbrók er sérhæfður sjóður sem var stofnaður á árinu 2016 og hefur þann tilgang að þróa lóð á Kirkjusandi og undirbúa fyrir söluferli.

Íslandssjóðir tóku við rekstri LPE II í nóvember 2012. Sjóðurinn er lokaður en fjárfestingar hans eru að mestu í evrópskum framtakssjóðum. Fjárfestingartíma sjóðsins er lokið og er því aðeins um útgreiðslur að ræða til eigenda, sem eru m.a. íslenskir lífeyrissjóðir. Að útgreiðsluferlinu loknu verður sjóðnum slitið.

IS Fyrirtækjalánasjóður hs. hóf starfsemi í mars 2022. Sjóðurinn fjárfestir í útlánum til fyrirtækja og er samlánaveitandi í slíkum lánum samhliða Íslandsbanka. Fjárfestingartímabili sjóðsins lauk í mars 2024 og í kjölfarið gaf sjóðurinn út skuldabréfaflokkinn IS FYR 24 1 til að fjármagna fjárfestingar sjóðsins og innleysa að mestu leyti hlutdeildarskírteini fjárfesta. Stefnt er að skráningu skuldabréfaflokksins á skipulegum markaði á fjórða ársfjórðungi 2024.

Auk þess reka Íslandssjóðir IS Kredit SPV 21 hs. ásamt sérhæfðu sjóðunum Akur fjárfestingar slhf., 105 Miðborg slhf. og IS Haf fjárfestingar slhf. en reikningsskil þeirra eru ekki hluti af þessum árshlutareikningi.

**Yfirlýsing**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur sérhæfðra sjóða saminn í samræmi við reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar og framkvæmdastjóra glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu sjóðanna á tímabilinu janúar til júní 2024.

Kópavogur, 22. október 2024

**Í stjórn:**

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, formaður

Kristján Björgvinsson

Jensína Böðvarsdóttir

Sigurður B. Stefánsson

**Framkvæmdastjóri:**

Kjartan Smári Höskuldsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í sérhæfðum sjóðum Íslandssjóða hf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning annarra sérhæfðra sjóða Íslandssjóða hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024. Árshlutareikningurinn er í fimm hlutum; Alpha hlutabréf, IS FAST-3, IS Þróunarsjóðurinn Langbrók, LPE II og IS Fyrirtækjalánasjóður hs.. Árshlutareikningurinn hefur að geyma: rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 30. júní 2024, yfirlit um breytingar á hreinni eign og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta.

Kópavogi, 22. október 2024

***KPMG ehf.***

**Hrafnhildur Helgadóttir** | **Sigurjón Örn Arnarson**

Íslandssjóðir

# IS Fyrirtækjalánasjóður hs.

# Árshlutareikningur 30. júní 2024


IS Fyrirtækjalánasjóður hs.

Hagasmára 3

201 Kópavogur

kt. 650821-9630

## Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign janúar til júní 2024

### Rekstrarreikningur

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Vextir og verðbætur | 2 | 501 | 222 |
| Gengismunur | | 57 | 71 |
| Aðrar tekjur | | 7 | 5 |
| Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals | | 565 | 298 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Umsýsluþóknun | 2 | 10 | 12 |
| Þóknanir | | 2 | 4 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 4 | 3 |
| Rekstrargjöld samtals | | 16 | 19 |
| Hagnaður/(tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini | | 549 | 279 |

### Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

| | | |
|---|---|---|
| **Hrein eign í byrjun árs** | 10.642 | 4.788 |
| Hagnaður (tap) af rekstri sjóðsins | 549 | 279 |
| Seld hlutdeildarskírteini | 660 | 3.395 |
| Innleyst hlutdeildarskírteini | (11.542) | 0 |
| Úthlutaður arður | (150) | 0 |
| **Hrein eign í lok tímabils** | 159 | 8.462 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2024

| Eignir | Skýr. | 30.6.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | |
| Lánasamningar | 3 | 11.641 | 10.642 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 3 | 193 | 76 |
| Fjárfestingar samtals | | 11.834 | 10.718 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Handbært fé | | 5 | 9 |
| Aðrar eignir samtals | | 5 | 9 |
| Eignir samtals | | 11.839 | 10.727 |
| **Skuldir** | | | |
| Hlutdeildarskírteini | 4 | 158 | 10.642 |
| **Aðrar skuldir** | | | |
| Útgefin skuldabréf | | 11.613 | 0 |
| Skuld við rekstarfélag | | 4 | 6 |
| Aðrar skuldir | | 64 | 78 |
| Aðrar skuldir samtals | | 11.681 | 84 |
| Skuldir samtals | | 11.839 | 10.727 |
| Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina (í þús.) | | 69.798 | 9.704.000 |
| Gengi hlutdeildarskírteina | | 2,268 | 1,097 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur IS Fyrirtækjalánasjóður hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almennra fjárfesta. Hann byggir á gangvirðisreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

### Umsýsluþóknun

Umsýsluþóknunin er fyrir daglegan rekstur sjóðsins svo sem laun starfsmanna, reikningshald sjóða og umsýslu.

Fyrir rekstur sjóðsins greiddi sjóðurinn Íslandssjóðum fasta mánaðarlega þóknun að upphæð 2 milljónir króna fram til seinni hluta mars en þá fór sjóðurinn í að greiða 0,15% þóknun af heildareignum í lok mánaðar. Á tímabilinu janúar til júní 2024 greiddi sjóðurinn 10 milljónir í umsýsluþóknun.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

**Fjárfestingar**

Eignir sjóðsins skulu á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Kröfur skulu uppreiknaðar og samanstanda af eftirstöðvum höfuðstóls, uppsöfnuðum vöxtum og verðbótum.

**Skattamál**

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sérhæfði sjóðurinn IS Fyrirtækjalánasjóður hs. er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

## 3. Fjárfestingar

| | Atvinnugrein | Vtr./Óvtr. | Teg. Vxt. | 30.6.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| Félag 1 | Fasteignafélög | Vtr. | Fastir | 686 | 689 |
| Félag 2 | Upplýs. og fjarskipti | Óvtr. | Breytilegir | 4.035 | 4.037 |
| Félag 3 | Fasteignafélög | Vtr. | Breytilegir | 526 | 518 |
| Félag 4 | Verslun og þjónusta | Óvtr. | Breytilegir | 450 | 475 |
| Félag 5 | Verslun og þjónusta | Vtr. | Breytilegir | 539 | 531 |
| Félag 6 | Sjávarútvegur | Óvtr. | Breytilegir | 2.287 | 2.288 |
| Félag 7 | Iðnaður og samgöngur | Óvtr. | Breytilegir | 587 | 599 |
| Félag 8 | Ferðaþjónusta | Vtr. | Breytilegir | 1.523 | 1.505 |
| Félag 9 | Fasteignafélög | Óvtr. | Breytilegir | 1.008 | 0 |
| IS Lausafjársafn | | | | 193 | 76 |
| **Bókfært verð fjárfestinga samtals** | | | | **11.834** | **10.718** |

Sjóðurinn IS Fyrirtækjalánasjóður hs. hóf starfsemi í mars 2022. Markmið og fjárfestingarstefna sjóðsins er að ávaxta fjármuni sjóðsins með því að fjárfesta í lánssamningum við hlið Íslandsbanka. Sjóðurinn fjármagnar sig með útgáfu hlutdeildarskírteina á fjárfestingartímabili hans. Hlutdeildarskírteini eru seld í formi skuldbindandi áskriftarloforða sem dregið er á eftir þörfum vegna fjárfestinga sjóðsins. á árinu gaf sjóðurinn út skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði til að fjármagna fjárfestingar sjóðsins og innleysti að mestu leyti hlutdeildarskírteini fjárfesta.

## 4. Hlutdeildarskírteini

Bókfært verð og gengi hlutdeildarskírteina er sem hér segir:

**Hrein eign og gengi:**

| | 30.6.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| Bókfært verðmæti | 158 | 10.642 |
| Kaupgengi | 2,268 | 1,097 |